

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis  
101 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2016

**Efni : Umsögn um frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota)-870.mál.**

Rithöfundasamband Íslands hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Sambandið er aðili að IHM, en stjórn þess hefur um árabíl barist fyrir því að allir réttihafar innan IHM fái sanngjarnar bætur fyrir eintakagerð til einkanota.


Verulegur samdráttur hefur orðið í tekjum IHM á undanförunum árum þar sem ekki hefur verið greitt af þeim nýju tækjum til eintakagerðar sem komið hafa á markað á síðustu árum, svo sem farsímum og tölvum.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands styður eindregið efni þessa frumvarps sem kemur til móts við þá tekjuskerðingu sem orðið hefur hjá réttihöfum og lýst er hér að ofan.

Brýnt er að frumvarpið verði afgreitt fyrir þingrof enda dregist úr hömlu að koma þessum málum í eðlilegt horf þannig að sanngirni sé gætt gagnvart eigendum höfundaréttar.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar RSÍ



Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri